

## Stjórnarfundur ÍBA

Haldinn 16. apríl 2012 kl. 17.00 að Glerárgötu 26.

Mætt voru: Þróstur Guðjónsson, Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Ármann Ketilsson, Áslaug Kristjánsdóttir og Þóra Leifsdóttir framkvæmdastjóri. Áslaug var fundarritari í fjarveru Margrétar.



### Vinnufundur vegna ársþings ÍBA í apríl.

Kjörbréf, dagskrá, dagsetning þings og minnst látinna félaga eru send aðildarfélögum í tölvutækuformi.

Tilneft var í nefndir fyrir ársþing ÍBA.

Kjörbréfanefnd:

Kristján Kristinsson  
Rannveig Oddsdóttir  
Árni Óðinsson

Fjárhagsnefnd:

Jón Steindór Árnason  
Sigríður Jóhannsdóttir  
Viðar Jónsson  
Magnús Gauti talar við þau.

Laganefnd:

Þorsteinn Hjaltason  
Andrea Þorvaldsdóttir  
Jósep Sigurjónsson  
Haukur talar við þau.

Allsherjarnefnd:

Jónsteinn Aðalsteinsson  
Björn Snær Guðbrandsson  
Hildigunnur Svavarsdóttir  
Þróstur talar við þau.

Dagskrá þingsins var rædd og með fyrirlestur á ársþingi ÍBA verður Kári Erlingsson og fjallar hann um fíkniefni.

Helga Steinunn ræddi við Þróst um heiðursviðurkenningar en tölvupóstur kom frá ÍSÍ 10. apríl 2012 með fyrirspurn. Þróstur ákvað að ræða það síðar.

Ákveðið var að bjóða SKÍ, ÍRA, ÍSÍ, bæjarstjórn og bæjarstjóra og heiðursfélaga ÍBA á ársþingið.

Ákveðið var að bjóða aðildarfélögum að sækja ársskýrslu ÍBA á skrifstofuna.

### Önnur mál

Bréf frá Sundfélaginu Óðni dagsett 23. mars 2012 og frá Fimleikafélagi Akureyrar dagsett 2. apríl 2012. Þeim er vísað til umræðu allsherjanefndar fyrir ársþing ÍBA. Bréf barst frá Körfuboltaskóla Þórs 4. apríl til upplýsinga.

Bréf frá Katrínu Björgu Ríkarðsdóttur 11. apríl 2012 um komu forsvarsmanna Svifflugfélags Akureyrar til sín fyrir páska.

Hjólað í vinnuna – Erindi kom frá ÍSÍ 12. apríl 2012 um kaffitjöld og svarað að Viðar Sigurjónsson sjái um þetta á Akureyri eins og undanfarin ár.

Bréf barst frá Maríu Ólafsdóttur 6. apríl 2012 um aðstoð í húsnæðismálum hjá áhugafólki á hjólaskautarallýi eða Roller Derby, þeim er svarað að leita til ÍRA.

Fundi var slitið kl. 19

Fundarritari Áslaug Kristjánsdóttir